

## Re: Punktur vegna Krikahverfis

**Til** : freyzinn@gmail.com  
**Frá** : Bryndís Haraldsdóttir  
**CC** : Ólafur Melsted  
**Heiti** : Re: Punktur vegna Krikahverfis  
**Málsnúmer** : 201210297  
**Málsaðili** : Mosfellsbær  
**Skráð dags** : 18.10.2016 00:47:43  
**Höfundur** : Bryndís Haraldsdóttir

Sæl takk fyrir póstin ég sendi hann áfram á skipulagsfulltrúa, þetta telst formleg athugasemd við auglýsta tillögu.

Kveðja

Bryndís Haralds Sent from my iPad

> On 17. okt. 2016, at 23:03, Freyja Leópoldsdóttir wrote:

>

> Sæl Bryndís

>

> Hvert er best fyrir mig að senda neðangreinda punkta til að þeir verði teknir til greina? Þarf ég að senda þá sem formlegt erindi?

>

> Sérstaklega þykir mér fróðlegt að vita hvað varð um leiksvæði í punkti nr. 1. Sjá meðfylgjandi skjámynd tekna af umræðuvef íbúa í Mosfellsbæ.

>

>

> 1. Skv. Gildandi deiliskipulagi í maí 2015 er skráður leiksvæði fyrir aftan L76, á núverandi deiliskipulagi er það ekki. Hvað varð um leiksvæðið og hvenær var það tekið út?

>

> 2. Búið er að marglofa íbúum að taka út hægri rétt en ekki staðið við það. Ef hann á að vera áfram, þarf að merkja hverfið sérstaklega vegna þessa.

>

> 3. Hámarkshraði 30 km skilti kemur eftir skóla, íbúar hafa krafist þess að það komi strax eftir hringtorg inn í Krikahverfi þar sem skólinn ætti að tilheyra 30 km hámarkshraða.

>

> 4. Hraðahindrun við L2 og S2 er ekki gangbrautamerkt en er notuð sem gangbraut fyrir öll börn í hverfinu sem fara í Krikaskóla. Við biðjum um lagfæringar á þessu rétt eins og rætt hefur verið á öllum íbúafundum.

>

> 5. Hlið/hindrun við göngustíga í Litlakrika og Stórakrika vantar, en brött er brekkan sem fer beint út á götu. Aftur ítrekum við þessa þörf.

>

> 6. Göngustígur í Stórakrika (Stígur Stígsson) á eftir að malbika og tengja frá Stórakrika 15 þar sem stígur frá Krikaskóla skyndilega endar.

>

> 7. Göngustíg milli Litlakrika og Sunnukrika vantar.

>

> Með fyrirfram þökk,

>

> --

> Kveðja,

>

> Freyja Leópoldsdóttir

> Litlakrika 40

>